

## Undirbúningur og endalok Skíðaviku 2021

Við lifum á skrítnum tímum. Þó ekki sé fastar að orði kveðið. Annað árið í röð dönsum við við lagið sem yfirstandandi heimsfaraldur spilar og fyrir tveimur dögum síðan, þegar vika var í setningu Skíðavikunnar, var ljóst að ekkert yrði af Skíðavikunni í ár – annað árið í röð.

Kórónuveirualdan er nú stigin í fjórða sinn á Íslandi, svo það verður að segjast að við erum orðin nokkuð sjúð í að breyta og aðlaga eftir þörfum. Þriðja bylgja stóð hæst í október og nóvember á síðasta ári, en henni lauk endanlega í janúar. Um miðjan febrúar var því ákveðið af bæjaryfirvöldum að Skíðavikan skyldi haldin í ár í ljósi góðra aðstæðna hér á landi. Strax var þó ljóst að ekki yrði hægt að halda hátíðina með fullu trukki því sóttvarnatakmarkanir kváðu á um að ekki mættu fleiri en 50 koma saman (eða vera í hólfum saman) og að barir og skemmtistaðir takmörkunum háðir og þurftu að loka kl.23. Tinna Ólafsdóttir upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar hafði samband við undirritaða fljótlega eftir að ákveðið var að halda Skíðavikuna til að fá hana til liðsinnis.

Það er þungbært að þurfa að horfa á eftir þeirri vinnu sem búið er að leggja í hátíðina fara í súginn, því lítil sem engin endurheimt er í þeim viðburðum sem búið var að skipuleggja. Dagskráin leit orðið mjög vel út þrátt fyrir þær skorður sem samkomutakmarkanir settu. Við vinnuna voru sendir út tölvupóstar á hluteigandi aðila, en satt að segja eru fáir sem bregðast við tölvupósti einvörðungu. Þar kom sterkt inn að hafa samband í gegnum messenger, það er reynsla mín að fólk sýni mun meiri viðbragðsflýti þar í gegn. Í suma var hringt og aðra hitt. Afleidd áhrif þess að hafa starfandi verkefnastjóra í smærri kjörnum Ísafjarðarbæjar komu bersýnilega í ljós í dagskránni, þegar metnaðarfull viðburðaplön bárust bæði frá Flateyri og Þingeyri.

Skíðavikunefndin samanstóð af: Tinnu Ólafsdóttur frá Ísafjarðarbæ, Önnu Sigríði Ólafsdóttur verkefnastjóra, Díönu Jóhannsdóttur frá Skíðafélagi Ísafjarðar, Birnu Jónasdóttur frá Aldrei fór ég suður og Hlyni Kristinssyni frá Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar. Það er mikilvægt og gott fyrir utanumhald og skipulagningu hátíðarinnar að vera með slíka nefnd (þó hún sé ekki formleg), sem hittist nokkrum sinnum á meðan að undirbúningur stendur yfir.

Hvað skíðafélagið varðar er til skýrt plagg um samstarf v. Skíðaviku, en í ár var ekki hægt að uppfylla allt. Big Jump hefði fallið niður út af vandræðum við framkvæmd út af fjöldatakmörkunum og ekki var fjallaskíðaferð komin inn á dagskrá, þar sem hún hefur verið á herðum einnar manneskju og þar sem tvísýnt var með hvort hún gæti framkvæmt hana var ferðin í hættu. Þá var skoðað hvort skíðafélagið gæti tekið að sér sprettgöngu, sem var hafnað

af þeirra hálfu. Það er alveg spurning hvort hægt væri að taka fjallaskíðaferð og big jump út úr samningi og setja sprettgöngu í miðbæ Ísafjarðar við setningu Skíðavíku þar inn í staðinn. Áhugi almennings fyrir þeim viðburði virðist mikill og alltaf ákveðin stemning sem fylgir honum. Hvað skíðasvæðið varðar þurfa skíðavíkupassar, skipulagning þeirra og sala að fara í betri farveg og þannig að strax þegar farið er að kynna Skíðavíkuna liggi fyrir hvernig þessum málum er háttað. Af öðru sem má bæta, Ísafjarðarbær veitir styrki til menningarmála, svo þeir geti gagnast þeim sem hyggjast skipuleggja viðburði á Skíðavíku er gott að niðurstaða um styrkveitingar liggi fyrir eigi síður en mánuði fyrir páska.

Vegna samkomutakmarkana var eftir nokkrar bollalaggingar ljóst að ekki gæti orðið af lifandi setningu Skíðavíkkunnar, þar sem það hefði krafist of mikils umstangs og mannafla. Ákveðið var að hafa setninguna á vefnum og gekk undirbúningur fyrir það vel í samstarfi við Ragnar Heiðar Sigtryggsson. Taka átti upp atriði í Súgandafirði, Dýrafirði og á Flateyri, ásamt því sem senda átti út í beinni dagskrá frá svölum Stjórnsluhússins.

Almennt gekk skipulagning vel og flestir til í að vera með. Einhverjir héldu þó að sér höndum líkt og eðlilegt er út frá tíðarandanum. Það var ekki annað að sjá en von hefði verið á margmenni til Ísafjarðar yfir páskana, þó erfitt sé að nálgast vísindaleg gögn um slíkt. Undirbúningstími var stuttur, en eitthvað smá var um smit fyrir sunnan á meðan á honum stóð, svo það var farið varlega í kynningar og auglýsingar ekki keyrðar á fullu trukki.

Eitt af því sem almennt skapar nokkurn hausverk hjá Skíðavíkustjóra er umsjón með sælgætisregni//karamellukasti og hef ég nú sent upplýsingafulltrúa minnisblað um þann verkferil.

Vendingar síðustu vikuna hafa verið snarpar. Fyrir nákvæmlega viku síðan sátum við Tinna á fundi með almannavörnum á svæðinu til að fara yfir hvað við skyldum skerpa á við viðburðaskipuleggjendur og gesti. Þá var allt í lukkunnar velstandi og engar athugasemdir gerðar af þeirra hálfu við viðburðaskipulagningu. Á mánudag bárust ömurlegar fréttir af smitum helgarinnar, en ákváðu sóttvarnaryfirvöld að bíða með aðgerðir. Þriðjudagurinn leit vel út með einungis eitt smit og svo brast á með smitasúpu á miðvikudag og þá var ákveðið að snarherða sóttvarnaráætlanir sem urðu með þeim hætti að grundvöllur flestra viðburða Skíðavíku brustu – og því var ákveðið að draga að fullu í land með Skíðavíkuna 2021.

Tekið saman af Önnu Sigríði Ólafsdóttur, verkefnastjóra.